



Íbúaráð Grafarvogs

**Fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um verklok verkefnis um eftirlitsmyndavélar í Hverfið mitt 2018**

Á fundi íbúaráðs Grafarvogs 11. maí 2022 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn, sbr. 5. liður fundargerðar ráðsins sama dag:

*Íbúaráð Grafarvogs óskar eftir upplýsingum um hvenær búast má við verklokum á verkefni sem var kosið í verkefninu Hverfið mitt haustið 2018 um eftirlitsmyndavélar á aðkomuleiðir hverfisins.*

*Fyrirspurninni er hér með vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds og svara óskað innan þriggja vikna.*

Þar sem málefni öryggis/eftirlitsmyndavéla hafa verið skoðunar í heild sinni var fyrirspurninni vísað áfram til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Því er til að svara að Reykjavíkurborg er að huga að stefnumörkun til framtíðar varðandi eftirlitsmyndavélar í starfsemi borgarinnar svo uppsetning eftirlitsmyndavéla sé með markvissum hætti. Slíkt myndi einfalda ferla og ákvarðanatöku þegar erindi berast um uppsetningu eftirlitsmyndavéla frá íbúum, íbúaráðum, stofnunum eða öðrum hagaðilum.

Virðingarfyllt,

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari  
Miðlæg stjórnsýsla  
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara